



KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR 100 ára

Afmælikveðja frá forseta Íslands

Þegar ég sest niður að semja þetta ávarp er stutt síðan ég sótti styrktartónleika þar sem allmargir Fóstbræður létu í sér heyra ásamt ýmsum góðum söngvurum þessa lands. Glögglega komu þá í ljós hæfileikar og velvild kórfélaganna. Næstu daga var ég umvafinn tónum af ýmsu tagi, hlustaði á Björk á Iceland Airwaves og naut Evgení Onegin hjá Íslensku óperunni. Það eru forréttindi að njóta lifandi tónlistar í þessum mæli og fjölbreytni er frábær, lítið er varið í eintóna líf. En auðvitað er smekkur manna mismunandi. „Það sem Bubba Morthens þykir gott og gilt, þykir Hauki frænda vera heldur tryllt,“ segir í laginu.

Hitt er víst að fáum getur dulist krafturinn og fegurðin þegar raddmiklir og lagvissir karlar hefja einum rómi upp raust sína. Nú bíður okkar Karlakórinn Fóstbræður í öllu sínu veldi. Sterkar raddir munu óma saman, söngurinn stundum þýður, stundum þungur, en alltaf tær.

Í hundrað ár hafa kórfélagar látið sönginn hljóma dátt. Þeir hafa sungið á hátíðarstundum, til dæmis við þúsund ára afmæli Alþingis 1930 og stofnun lýðveldis 1944. Saga Fóstbræðra er fagur vitnisburður um mátt söngs og mikilvægi í mannlegu samfélagi. Og gildi bræðralags og vináttu. Um leið og ég óska Fóstbræðrum til hamingju með aldarafmælið þakka ég liðnar stundir fyrir hönd íslenskrar þjóðar og óska þeim alls velfarnaðar.

Gudni Th. Johannesson